

Fundargerð 279. stjórnarfundar Stjórnvísí

Dags.fundar: 8.janúar 2019	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 279
Fundarboðari: ÞMÓ	Fundarritari: GA	Staður: Hrafnista, Reykjavík

Dagskrá:

- Nýársfundur 9.janúar 2019 í Marel.
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefni)
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Gyða Björnsdóttir, Þórunn María Óðinsdóttir, Jón S. Þórðarson, Jón Gunnar Borgþórsson, Berglind Björk Hreinsdóttir og Kristján Geir Gunnarsson.

Fjarverandi: Guðjón Örn Helgason, Jón Gunnar Borgþórsson

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Kick off fundur í janúar:** Þórunn fór yfir Nýársfund stjórna faghópa Stjórnvísí sem haldinn verður í janúar í Marel. Á meðan á fundinum stóð var stutt fundur með Marel þar sem allt er tilbúið til að taka á móti stjórnnum faghópa félagsins og eru 50 manns búnir að bóka sig á fundinn. Búið er að útbúa glærur fyrir fundinn og verður farið nákvæmt yfir alla miða frá Kick off fundi í haust og afgreiðslu stjórnar á þeim. Þórunn mun fara ítarlega yfir verkefni stjórnarinnar, verklag og fleira. Sigurjón Þórðarson Capacent mun halda áhugaverðan fyrirlestur um teymi og Ketill sem á morgun fagnar 50 ára afmæli mun kynna örstutt það helsta sem era ð gerast hjá Marel.
- **Trello:** Farið yfir stöðu verkefna og helstu áhersluverkefni stjórnar.
 - Íslenska ánægjuvogin – stjórnarfundur verður haldinn í dag og verða niðurstöður tilbúnar í næstu viku. Stjórn var hvött til að mæta á þennan áhugaverða viðburð.
 - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2019. Staðfesting er komin frá forsetaskrifstofu og verða verðlaunin afhent 28.febrúar nk. á Grand Hótel. Óskað verður eftir tilnefningum í vikunni og dómnefndarfundir hafa verið bókaðir.
 - Áhersluverkefni stjórnar voru yfirfarin en lítið gerst frá því í desember á síðasta stjórnarfundi. Allir eiga bókaða fundi á næstunni.
- **Fréttir af faghópum.** Faghópastarf fer vel af stóð og verður fundur á fimmtudag þar sem 70 manns eru bókaðir á, sá fundur er á vegum faghópa um mannauðsstjórnun og markþjálfun.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun. Reikningar hafa verið sendir út fyrir árið 2019 og eru greiðslur þegar farnar að berast.

- **Önnur mál.** Önnur mál rædd lítillega